



Skólaráðsfundur 20. mars 2012

Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ástríður Sigurðardóttir kennari, Ásta Einarsdóttir foreldri, Berglind Kristjánsdóttir kennari, Svandís Gylfadóttir foreldri, Laufey Einarsdóttir starfsmaður, Íris Hafþórsdóttir, nemandi í 10. bekk og Sara Lind Teitsdóttir, nemandi í 9. bekk og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari),
Fyrir Háaleitisskóla: Davíð Fjöltnir Ármannsson foreldri, Jón Haukur Hafsteinsson kennari,
Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri.

Kristján Granz Carlsson boðaði forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, fer yfir efni fundar sem er skóladagatal næsta skólaárs
2. Skóladagatal 2012-2013:
 - a. Farið yfir forsendur skóladagatals, það eru 170 heilir nemendadagar, 10 skertir nemendadagar sem eru heilir vinnudagar starfsmanna, 8 starfsdagar fyrir utan skólaárið og 5 starfsdagar á skólaárinu.
 - b. Farið yfir hvern mánuð og einnig var farið yfir markmið starfsdaga á árinu
 - c. Skóladagatal lagt til atkvæðargreiðslu og samþykkt með undirskrift fundarmanna
3. Önnur mál:
 - a. Árshátíð skólans: umræða um að hafa það tvískipt, skoða fyrir næsta skólaár, breyting verður í ár á kaffiveitingum þar sem yngri nemendur fara og drekka í stofunum sínum
 - b. Ásta formaður foreldrafélagsins spurði hvort hægt væri að virkja foreldra í kennslu ef það eru forföll hjá kennurum en Ásgerður sagði að það er ekki hægt að fá hvern sem er í forföll, það þarf að uppfylla ákv. menntun og slíkt.
 - c. Ásgerður ræddi um að hún óskaði eftir að virkja foreldra til að koma meira inn í skólann og aðstoða við að lesa en það hefur virkað vel í öðrum skólum að hafa „lestrarömmur“ sem koma í heimsókn.
4. Skoðað verður hvort þörf sé á fundi í lok skólaárs en þá mun Ásgerður skólastjóri senda út fundarboð.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Guðný Karlsdóttir ritaði fundargerð

